

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum

06 314

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum

kt. 481214-0760

Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérlaga. Stofnunin hefur það hlutverk að gæta almannaöryggis og tryggja réttaröryggi, stemma stigum við afbrotum og vinna að uppljóstrun brota, greiða götu borgarinnar og veita yfirvöldum aðstoð við framkvæmd starfa sinna og halda uppi almannafriði og allsherjarreglu.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 9,1 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 494,2 milljónir og afkoma kr. 4,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -3,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 104,6 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Lögreglustjórans á Vestfjörðum í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Lögreglustjórans á Vestfjörðum fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Birgir Jónasson
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	479.100.000	431.000.000
Seld þjónusta	3	2.102.571	1.119.047
Framlög og ýmsar tekjur	4	3.627.695	17.228
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	9.353.439	8.230.852
Tekjur samtals		494.183.705	440.367.127
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	392.169.733	372.555.630
Annar rekstrarkostnaður	6	88.057.009	74.176.111
Afskriftir	7	9.353.439	8.230.852
Gjöld samtals		489.580.181	454.962.593
Afkoma fyrir fjármagnsliði		4.603.524	(14.595.466)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	8	(6.347)	(26.888)
		(6.347)	(26.888)
Afkoma ársins		4.597.177	(14.622.354)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		30.120.717	26.113.203
Farartæki og vélar		19.343.377	23.722.552
Fastafjármunir samtals		<u>49.464.094</u>	<u>49.835.755</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		1.253.252	0
Tengdir aðilar	10	53.877.746	49.033.696
Veltufjármunir samtals		<u>55.130.998</u>	<u>49.033.696</u>
Eignir samtals		<u>104.595.092</u>	<u>98.869.451</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	11		
Hrein eign		(2.993.713)	(7.590.890)
Eigið fé samtals		<u>(2.993.713)</u>	<u>(7.590.890)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	10	0	724.980
Viðskiptaskuldir		15.001.013	10.965.528
Ýmsar skammtímaskuldir	12	34.402.884	40.326.486
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	13	58.184.908	54.443.347
Skuldir samtals		<u>107.588.805</u>	<u>106.460.341</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>104.595.092</u>	<u>98.869.451</u>
Aðrar upplýsingar	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		4.597.177	(14.622.354)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	9.353.439	8.230.852
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(9.353.439)	(8.230.852)
		<u>4.597.177</u>	<u>(14.622.354)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(1.253.252)	371.819
Tengdir aðilar		(1.455.808)	(3.578.784)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(1.888.117)	17.829.319
		<u>(4.597.177)</u>	<u>14.622.354</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(8.981.778)	(12.954.509)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		695.000	0
		<u>(8.286.778)</u>	<u>(12.954.509)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		0	554.509
Fjárfestingarframlag		8.286.778	12.400.000
		<u>8.286.778</u>	<u>12.954.509</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok			
		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	479.100.000	431.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	9.353.439	8.230.852
	488.453.439	439.230.852

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	463.100.000	0	0	463.100.000
Launabætur	6.000.000	0	0	6.000.000
Millifært úr varasjóð	10.000.000	0	0	10.000.000
Fjárveiting til tekna	479.100.000	0	0	479.100.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(474.502.823)	0	0	(474.502.823)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	4.597.177	0	0	4.597.177

3 Seld þjónusta

Ýmsar þjónustutekjur	716.364	0
Veitinga- og gistiþjónusta	1.386.207	1.119.047
	2.102.571	1.119.047

4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	3.627.695	0
Ýmsar tekjur	0	17.228
	3.627.695	17.228

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	324.537.994	295.044.069
Orlof, breyting	(5.381.862)	10.048.174
Launatengd gjöld	72.508.771	66.647.967
Starfsmannakostnaður	504.830	815.420
	392.169.733	372.555.630
Meðalfjöldi stöðugilda	27,5	26,8

Skýringar

	2021	2020
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	331.698	570.723
Byggingarvörur, almennar	17.366	152.489
Byggingarvörur, aðrar	0	2.083
Ýmis tæki og áhöld	1.434.220	415.296
Varahlutir og viðhaldsvörur	222.460	935.456
Orkugjafar	6.992.573	4.679.475
Matvæli	6.260.291	5.037.314
Almennar rekstrarvörur	6.646.919	11.693.254
Vörukaup, almenn	21.905.527	23.486.090
Rannsóknarstofuefni	68.865	136.226
Ýmsar sérgreindar vörur	199.756	20.571
Vörukaup, sérgreind	268.621	156.797
Fundir, námskeið, risna	12.300	149.990
Ferðir, uppihald	3.964.569	1.359.099
Akstur	2.795.033	2.300.773
Sérfræðiþjónusta	644.436	259.974
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	33.357	66.047
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	79.175	91.808
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	2.166.552	952.468
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	9.695.422	5.180.159
Afnotagjöld	2.233.389	2.150.442
Leigugjöld	24.553.951	19.044.809
Notkun véla og flutningatækja	251.885	0
Verkkaup	9.467.835	6.214.456
Kostnaðarhlutdeild	17.064.655	14.495.219
Tryggingar, lögboðnar	2.143.283	2.643.543
Opinber gjöld	450.041	778.096
Tilfærslur	22.400	26.500
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	56.187.439	45.353.065
Annar rekstrarkostnaður samtals	88.057.009	74.176.111
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	4.493.986	3.401.430
Farartæki og vélar	4.859.453	4.829.422
	9.353.439	8.230.852
8 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		
Fjármagnskostnaður	6.347	26.888
	6.347	26.888

Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	30.120.717	26.113.203
Farartæki og vélar	19.343.377	23.722.552
	<u>49.464.094</u>	<u>49.835.755</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Samtals
Staða 01.01.2021	38.989.013	63.750.222	102.739.235
Viðbætur á árinu	8.501.500	480.278	8.981.778
Selt/úrelt á árinu	0	(10.168.654)	(10.168.654)
	<u>47.490.513</u>	<u>54.061.846</u>	<u>101.552.359</u>
Afskriftir 01.01.2021	12.875.810	40.027.670	52.903.480
Afskrift ársins	4.493.986	4.859.453	9.353.439
Selt/úrelt á árinu	0	(10.168.654)	(10.168.654)
	<u>17.369.796</u>	<u>34.718.469</u>	<u>52.088.265</u>
Staða 31.12.2021	<u>30.120.717</u>	<u>19.343.377</u>	<u>49.464.094</u>

10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	53.877.746	49.033.696
	<u>53.877.746</u>	<u>49.033.696</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	0	724.980
	<u>0</u>	<u>724.980</u>

11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	(7.590.890)	7.031.464
Afkoma ársins	4.597.177	(14.622.354)
Jöfnuður 31.12.	<u>(2.993.713)</u>	<u>(7.590.890)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

12 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	34.202.874	39.584.736
Önnur ógreidd gjöld	200.010	741.750
	<u>34.402.884</u>	<u>40.326.486</u>

13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	49.464.094	49.835.755
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	8.720.814	4.607.592
	<u>58.184.908</u>	<u>54.443.347</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	49.835.755	4.607.592	54.443.347
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	12.400.000	12.400.000
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	0	695.000	695.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	8.981.778	(8.981.778)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(9.353.439)	0	(9.353.439)
	<u>49.464.094</u>	<u>8.720.814</u>	<u>58.184.908</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 9,2 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

Skýringar

14 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofn hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði ótímabundið og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu ára. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 18,7 milljónir og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 12,96 milljónir.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.